



Minnisblað til bæjarstjóra

Varðandi: Bæjarskrifstofur/beiðni um kaup á vélbúnaði
Málsnr. 1411073
Dags.: 9. mars 2015.

Undirritaður óskar eftir heimild til að kaupa tölvubúnað fyrir bæjarskrifstofur Akraneskaupstaðar vegna 2015.

Viðhald tækjabúnaðar er sífelluverkefni og til að ná sem bestum kjörum eru magnkaup skynsamlegur kostur auk þess sem unnt er að bregðast við með skjóttum hætti þegar endurnýjunarþörf skapast sem oft gerist með skömmum fyrirvara. Vegna kaupanna var óskað eftir tilboðum (verðkönnun), með það að markmiði að ná sem hagstæðustu kjörum.

Bent skal á að með magnkaupum sparast einnig fjármunir við í uppsetningu búnaðarins en almennt tekur það þrjár klukkustundir að setja upp eina tölvu en ef unnið er í uppsetningu margra í einu er reiknað með tveggja tíma vinnu á hverja tölvu.

Rétt er að taka fram að við ákvörðun um endurnýjun er viðhaft strangt mat og ekki endurnýjað nema nauðsyn beri til vegna aldurs viðkomandi vélbúnaðar.

Áætlaður heildarkostnaður ásamt uppsetningu á tölvunum sundurliðast þannig:

5 stk. tölvuskjái	157.040
5 stk. borðtölvur	629.510
5 stk. uppsetningar á tölvum	150.000
Samtals	936.550

Með vísan til framangreinds er óskað fjárveitingar frá bæjarráði sem nemur kr. 937.000.

Virðingarfyllst,

Steinar Adolfsson,